



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU:

Drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir

Nr. 213/2021 í samráðsgátt stjórnvalda

Janúar 2022

Efnisyfirlit

.....	1
1. Fyrirkomulag	3
2. Málefni	3
3. Þátttaka	3
4. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	3
4.1 Yfirlit yfir umsagnir	3
4.2 Efnisatriði í umsögnum	3
5. Næstu skref.....	4

1. Fyrirkomulag

Drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir var birt í samráðsgátt stjórnvalda og hefur fyrirkomulag, meðferð og vinnsla málsins verið sem hér segir:

Slóð á mál nr. 213/2021:	https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\$Cases/Details/?id=3082
Umsagnarfrestur:	08.11.2021 – 29.11.2021.
Birting umsagna:	Umsagnir birtar jafnóðum.

Í almennri kynningu málsins kemur fram að niðurstöður samráðsins verði birtar þegar unnið hafi verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.

2. Málefni

Mennta- og menningarmálaráðuneytið kynnti til samráðs drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir sem unnin var af starfshópi sem skipaður var af mennta- og menningarmálaráðherra.

Stafræn áhugamál verða stöðugt fyrirferðameiri í samfélaginu og sífellt fleiri börn og ungmenni spila margskonar tölvuleiki í sínum frítíma. Núgildandi lög, reglur og viðmið ná ekki að fullu utan um stafræn áhugamál, þar á meðal rafleikja-/rafíþróttastarfsemi eins og hún hefur þróast á Íslandi og í heiminum á undanförunum árum. Í vinnu starfshópsins var lögð áhersla á mikilvægi þess að rafleikir/rafíþróttir sem eru stundaðar í skipulögðu starfi leggi áherslu á forvarnir og lýðheilsu.

3. Þátttaka

Vakin var athygli fjölda hagsmunaaðila á birtingu í samráðsgátt með tölvupóstum. Alls bárust 15 umsagnir, 13 frá lögaðilum (ein umsögn er tvítekin) og 1 frá einstaklingi.

4. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

4.1 Yfirlit yfir umsagnir

Alls bárust 14 umsagnir (ein umsögn tvítekin) við drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir. Eftirtaldir aðilar sendu umsögn: Sigurður Helgi Brynjarsson, Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF), Landssamtökin Þroskahjálp, Umboðsmaður barna, Íþróttafélagið Fylkir, Reykjavíkurborg (skóla- og frístundasvið), Samtök iðnaðarins, Skólastjórafélag Íslands, Öryrkjabandalag Íslands, Barnaheill, Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Háskóli Íslands (Viðar Halldórsson, félagsvísindadeild).

4.2 Efnisatriði í umsögnum

Almennt má segja að flestir umsagnaraðilar lýstu yfir ánægju með stefnudrögin og mikilvægi þess að skapa ramma utan um tölvuleikjajaiðkun og styðja við jákvæð áhrif þess að virkja börn og ungmenni til þátttöku í skipulögðu félags- og tólmundastarfi, hvort sem um er að ræða rafíþróttir, tölvuleikjaspilun eða aðra tólmundastarfsemi.

Skilgreining á rafíþróttum

Eftir að stefnudrög lágu fyrir hefur Íþróttaping Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands verið haldið. Þar vareftirfarandi samþykkt um rafíþróttir sem byggir á yfirlýsingu Alþjóðaólympíunefndarinnar staðfest.

„75. Íþróttabing ÍSÍ samþykkir að innan íþróttahreyfingarinnar verði hugtakið rafíþróttir notað um rafræna íþróttaleiki, bæði sýndaríþróttaleiki (hermileiki) og aðra íþróttaleiki sem byggja á viðurkenndum íþróttagreinum innan íþróttahreyfingarinnar. Í þeim tilfellum sem rafíþróttir eru skilgreindar innan viðkomandi alþjóðasársambanda eru það viðkomandi sársambönd ÍSÍ sem fara með forræði þeirra hér á landi, enda byggja þær á viðurkenndum íþróttagreinum innan ÍSÍ. Aðilar innan vébanda ÍSÍ eru hvattir til að virða útgefin aldursmörk þeirra leikja sem spilaðir eru á vettvangi þeirra, auk þess að tryggja að inntak leikjanna sé í samræmi við siðareglur og gildi viðkomandi félags og þeirra samtaka sem þau tilheyra.“

Samþykkt ÍSÍ nær einnig til ýmissa athugasemda í Samráðsgátt þess efnis að rafíþróttir falli ekki undir skilgreiningu íþróttalaga. Einnig kom fram að stefna í rafíþróttum/rafleikjum þarf að tryggja að spilað sé innan regluverks sem hefur heilsutengd markmið og styrkir andlega og líkamlega heilsu sem og félagslega færni.

Þátttaka í rafleikjum/rafíþróttum

Í stefnu­drögum er lögð áhersla á þátttöku fyrir alla og er sérstaklega minnst á þátttöku kvenna. Í Samráðsgátt er bent á að einnig er þörf á að skapa öruggt umhverfi fyrir hinsegin fólk, fatlaða, innflytjendur o.s.frv. Sömuleiðis var bent á að líta til fleiri kynja en kvenna og karla.

Í Samráðsgátt var einnig vakin sérstök athygli á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, einkum 30. gr. og 9. gr. samningsins.

Framtíðarsýn rafleikja/rafíþróttu

Fram kom í Samráðsgátt að nauðsynlegt sé að efla tæknilæsi og áhuga á tæknimenntun strax á fyrstu stigum grunnskóla. Slíkt er forsenda þess rafleikis/rafíþróttir geti stutt við áframhaldandi vöxt tölvuleikjaiðnaðar. Sömuleiðis þarf að huga að uppbyggingu námefnis á rafrænu formi.

Rannsóknir gegna einnig veigumiklu hlutverki þegar kemur að því meta áhrif tölvuleikjaiðkunar. Sömuleiðis þarf stöðugt að meta umgjörð og regluverk í kringum rafleiki/rafíþróttir þar sem um er að ræða unga iðkendur.

5. Næstu skref

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur farið yfir allar innsendar athugasemdir. Þær gefa til kynna að skoða þarf frekar nokkra þætti stefnu­draganna betur í áframhaldandi vinnu við stefnumótunina. Samþykkt ÍSÍ um skilgreiningu á rafíþróttum þarf að skoða sérstaklega í stefnumótuninni. Einnig þarf að rannsaka og greina áhrif tölvuleikjaiðkunar á velferð barna og ungmenna og nýta þær niðurstöður inn í starfið. Mikilvægt er að skoða rafleiki/rafíþróttir út frá fleiri sjónarhornum, s.s. frá háskólasamfélaginu, tölvugeiranum og sér í lagi frá þeim aðilum sem standa fyrir rafleikjum/rafíþróttum.